

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs, hefur verið ákveðið að banna bifreiðastöður við Laugaveg að sunnanverðu, milli Vatnsstígs og Frakkastígs. Jafnframt er afnumið bann við bifreiðastöðum við Laugaveg að norðanverðu á móts við hús nr. 37, 39, 43 og 45.

Ákvörðun þessi tekur gildi þegar lokið verður fyrirhuguðum skipulagsbreytingum á Laugavegi, 2. áfanga, sbr. bréf borgarstjóra, dags. 18. febrúar 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. mars 1987.

Böðvar Bragason.

13. mars 1987

Nr. 118

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bolungarvíkurkaupstað.

1. gr.

Leyfisgjald vegna undanþágu til hundahalds, sbr. c-staflið 2. gr. samþykktar um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað frá 26. september 1986, skal vera kr. 200 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði.

Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir upphafstímabilið til reglulegs gjalddaga árgjalds sem er 1. mars ár hvert.

Árgjaldið greiðist einnig fyrirfram fyrir árgjaldið sem er frá 1. mars til jafnlengdar.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 1.500 í fyrsta skipti, kr. 3.000 í annað skipti og kr. 5.000 í þriðja skipti.

3. gr.

Gjöld skv. 1. og 2. gr. eru miðuð við byggingavísitölu sem í gildi var 1. október 1986, 281 stig, og sæti þau síðan hlutfallslegum breytingum, til hækkunar eða lækkunar, og verða á greindri byggingavísitölu.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 6. október 1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. mars 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.